

Verkís hf  
Þórhildur Guðmundsdóttir  
Ármúla 4  
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2012

*Tilvísun:* 201210063 / 5.2

**Efni: Kísilkarbíðverksmiðja á Bakka við Húsavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Verkís hf. að matsáætlun fyrir kísilkarbíðverksmiðju á Bakka við Húsavík, Norðurþingi. Gert er ráð fyrir allt að 25.000 tonna ársframleiðslu.

Verkís hf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 24. október 2012 ásamt tillögu að matsáætlun:

**Saint Gobain Ceramic Materials. Kísilkarbíðverksmiðja á Bakka við Húsavík. Verkís. Október 2012.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Norðurþingi, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Norðurþingi með tölvupósti dags. 16. nóvember 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. nóvember 2012, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 31. október 2012, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. nóvember 2012, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 7. nóvember 2012, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. nóvember 2012, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 12. nóvember 2012 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 8. nóvember 2012. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 21. nóvember 2012.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Verkís hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Verkís f.h. framkvæmdaraðila setti fram í bréfi dags. 21. nóvember 2012 og með eftirfarandi athugasemdum.

**Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

**Fornleifar.** Í kafla 4.4.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins og bendir á að í frummatsskýrslu þarf að sýna

staðsetningu fornleifa og afstöðu þeirra til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á korti eða loftmynd.

**Eldhætta.** Skipulagsstofnun tekur undir með Mannvirkjastofnun og bendir á nauðsyn þess að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum sem þarf að gera vegna brennanlegra og/eða sprengifimra efna í fórum verksmiðjunnar.

**Loftgæði.** Skipulagsstofnun telur að leggja þurfi fram loftdreifingarspá fyrir ryk, brennisteinstvíldi, köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>), kolmónoxíð og PAH í frummatsskýrslu og gera grein fyrir því hvort nauðsynlegt sé að afmarka þynningarsvæði umhverfis verksmiðjuna. Leyfilegur styrkur þessara efna er tiltekin í reglugerð nr. 251/2002 *um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svífryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings* annars vegar og reglugerð nr. 410/2008 *um arsen, kadmíum, kvikasílfur, nikkell og fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti* hins vegar. Ef ekki er lögð fram loftdreifingarspá fyrir ofangreind efni í frummatsskýrslu þarf að sýna fram á það með rökum að þess gerist ekki þörf.

**Samlegð með öðrum verksmiðjum.** Fram hefur komið að ýmis konar framleiðsla er í undirbúningi á Bakka. Í því ljósi bendir Skipulagsstofnun á að nauðsynlegt er að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir samlegð með annarri starfsemi sem fyrirhuguð er á Bakka. Brýnast er þar að gera grein fyrir samlegðaráhrifum loftborinna mengunarefna. Reynist ekki framkvæmanlegt að leggja fram gögn fyrir allar verksmiðjurnar strax í fyrstu frummatsskýrslunni sem verður lögð fram, þarf að gera grein fyrir því með rökum hvers vegna ekki sé spáð fyrir um dreifingu þeirra. Hver frummatsskýrsla þarf þá að gera grein fyrir áhrifum af sinni starfsemi og þeirri starfsemi sem þegar hefur verið kynnt í framlögðum frummatsskýrslum á sama svæði.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.